

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 32/1943. **Hansína Eiríksdóttir**
 gegn
Jónínu Þorvaldsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hansína Eiríksdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. júní 1943.

Nr. 22/1943. **Stríðsstryggingafélag íslenzkra skipshafna**
 (Lárus Fjeldsted)
 gegn

Guðrúnu Nikulásdóttur
 (Guðmundur Í. Guðmundsson)
 og

h/f Sviða og gagnsök (Jón Ásbjörnsson).

Heimt er styrjaldartrygging sjómanns og bætur til lífeyris-kaupa handa ekkju hans.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. marz þ. á., hefur krafizt þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að dánarbæturnar verði lækkaðar og bætur til kaupa á lífeyri verði felldar niður. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, Guðrún Nikulásdóttir, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 12. marz þ. á., krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst gagn-

áfrýjandi þess, að h/f Sviða verði dæmt að greiða fjárhæðir þær, sem ekki yrðu dæmdar á hendur aðaláfrýjanda, og verði þá hæfilegur málskostnaður dæmdur úr hendi h/f Sviða fyrir hæstarétti.

Stefndi, h/f Sviði, hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 1941, sbr. 5. gr. laga nr., 37 frá 1940, tryggði aðaláfrýjandi skipshöfn b/v Sviða styrjaldartryggingu gegn dauða og örorku. Þá verður og að telja, að aðaláfrýjandi hafi tryggt bætur til lifeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37 frá 1940, enda virðist aðaláfrýjandi, þegar er lög nr. 76 frá 1941 tóku gildi, hafa viðurkennt skyldu sína til þess að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. grein þeirra, en eftir ákvæðum hennar voru skipshafnir skipa, er til útlanda sigldu, einnig tryggðar, er skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að taka kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda til greina, og er þá grundvöllur kröfu gagnáfrýjanda á hendur h/f Sviða niður fallinn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti, að því er h/f Sviða varðar, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Nikulásdóttur, kr. 21000.00 í dánarbætur með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 til kaupa á lifeyri samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1941.

Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi, h/f Sviði, skal vera sýkn af kröfum gagn-

áfrýjanda, og falli málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti niður, að því er hann varðar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febrúar 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 3. júní f. á., af Þorsteini Árnasyni vélstjóra hér í bæ f. h. Guðrúnar Nikulásdóttur, ekkju Lýðs Magnússonar vélstjóra, er fórst með b/v Sviða þann 2. des. 1941, gegn stjórn Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna f. h. félagsins og Garðari Þorsteinssyni hrm. f. h. h/f Sviða í Hafnarfirði til greiðslu dánarbóta og lifeyris vegna Lýðs Magnússonar. Gerir stefnandi þær dómkröfur aðallega, að stjórn stríðstryggingafélagsins verði f. h. félagsins dæmd til að greiða kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 2. des. 1941 til greiðsludags og jafnháa upphæð (kr. 21000.00) í árlegan lifeyri samkvæmt þeim reglum, sem Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiðir slíkan lifeyri. Til vara krefst stefnandi þess, að h/f. Sviði verði dæmt til að greiða fjárhæðir þær, sem fram eru settar í aðalkröfunni, að svo miklu leyti sem stríðstryggingafélagið verður ekki dæmt til að greiða þessar fjárhæðir. Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Af hálfu stríðstryggingafélagsins er *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu; til vara, að félagið verði aðeins dæmt til að greiða hluta hinna umkröfðu bóta samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir 21 þúsund krónur, og falli málskostnaður þá niður.

Af hálfu h/f. Sviða er krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. des. 1941 var b/v Sviði, sem var eign hins stefnda hlutafélags með sama nafni, á veiðum út af Vestfjörðum. Þenna dag, kl. 12.56, sendi skipstjórinn skeyti til framkvæmdarstjóra skipsins hér í bæ og kvað skipið vera væntanlegt til Hafnarfjarðar næsta dag. Kl. 19.38 sama dag kom aftur skeyti frá skipinu, og var þá gert ráð fyrir því, að skipið kæmi til Hafnarfjarðar að kvöldi þess 2. des. Eftir þetta komu ekki fleiri skeyti frá skipinu til lands, og tilraunir loftskýtastöðvarinanr í Reykjavík til að ná sambandi við skipið, er hófust kl. 14.12 þann 2. des., báru engan árangur. — Skipstjórinn á b/v Venus frá Hafnarfirði hefur skýrt svo frá, að skip hans hafi ásamt fleiri togurum, þar á meðal b/v Sviða, verið á veiðum þann 1. des. 1941 á svonefndum „Kanti“ út af Vestfjörðum. Kl. 18—19 þenna dag lagði Venus af stað til Hafnarfjarðar, og var veður þá dagott. Um kl. 21 sama dag kveðst

skipstjórinn hafa átt talsamband við skipstjóránn á Sviða, sem þá hafi skýrt svo frá, að hann hefði lagt af stað af sömu stöðvum og Venus kl. 16 sama dag og væri hann á leið til Hafnarfjarðar. Hafi talast svo til með þeim, að skipin yrðu samferða til Englands, og skyldi Sviði biða eftir Venusi, ef hann yrði fyrr tilbúinn. — Um kl. 4 þann 2. des. var b/v Venus staddur þvert af Látrabjargi, og var þá kominn strekkingur af suð-austri, en skipið fór þó með fullri ferð þar til kl. 7 sama dag, er það var farið að taka töluvert á sig. Var vindur þá genginn til suðurs, á að gizka 8 stig; mikill sjór og óreglulegur, en þó ekki brot. Kl. 7.30 þenna dag var sambands-tími skipanna, og voru þá flestir togararnir hættir veiðum. Um þetta leyti kom svo hljóðandi skeyti frá Sviða: „Erum komnir suður undir Kolluál.“ „Förum með hægri ferð. Erum að laga til,“ og var það hið síðasta, sem heyrðist frá skipinu. Şkömmu eftir að þetta skeyti barst, kveðst skipstjórinn á Venusi hafa séð skipsljós á bakborða 2 strik fyrir framan þvert, nokkuð fjarri. Hafi þau sézt fram í birtingu og virzt breytast lítið í afstöðu. — Frekar hefur ekki spurzt til skipsins, enda bar leit sú, sem gerð var að því, engan árangur, og má því telja vist, að skipið hafi farizt með allri áhöfn á þeim slóðum, er síðast fréttist til þess, og þá sennilega þann 2. des. 1941.

Hinn 3. des. 1941 var gengið á reka á Barðaströnd, en þann dag fannst ekkert, er talizt gæti vera frá skipinu. Næsta dag fundust hins vegar á Rauðasandi ýmsir munir, sem teljast vera frá skipinu, svo sem 5 heilir skilrúmsplankar, 59 heil lestarborð, 4 heilar árar, bátmastur með segli í umbúðum, kassi með flugeldum, óátekinn, óbrotin hurð með karmi, klinkuð og krókuð, dregin af nögllum, hálf flatningsborð, þverbrotið, hálf útihurð frá brú o. fl. o. fl. Þann 5. des. fundust reknir á Lambavatni og á Stökkum 2 bjarghringir, merktir Sviða, og innst á Sjöundárlandi skipsbátur með ýmsum úthúnaði. Var báturinn brotinn, en báðir kengirnir, sem bátnum var lyft á, voru heilir. Þann 6. des. rak lík eins kyndarans á Sviða á Sjöundárlandi, um 600 metra frá þeim stað, sem bátinn rak, og næsta dag rak lýsistunnur og körfur á svipuðum slóðum. Annað hefur ekki fundizt frá skipinu, nema hvað Súðin sá talsvert af fiskstíu-plönkum á reki út frá Rauðasandi þann 4. des.

Meðal skipverja á Sviða, er hann fórst, var Lýður Magnússon, sem var 2. vélstjóri á skipinu. Lét hann eftir sig ekkju, Guðrúnu Nikulásdóttur, og er mál þetta höfðað fyrir hönd hennar, eins og áður segir. Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að samkvæmt samningi milli Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipa-eigenda (dags. 4. maí 1940) hafi útgerðarfélagi b/v Sviða borið að vátryggja á sinn kostnað hvern vélstjóra fyrir kr. 21000.00 fyrir dauða af völdum ófriðar eða af ósönnuðum orsökum, og skyldi fjárhæð þessi greiddast aðstandendum hvers vélstjóra. Samkvæmt samn-

ingi botnvörpuskipaeigenda og sjómannafélaganna (dags. 16. júlí 1941) hafi útgerðarfélagi b/v Sviða og borið að vátryggja vélstjórana á sama hátt 21 þús. kr. viðbótartryggingu, er skyldi greiðast aðstandendum þeirra sem árlegur lífeyrir. Telur stefnandi, að samkvæmt gildandi lögum um stríðsslysaftryggingu sjómanna og Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna beri hinu stefnda stríðstryggingafélagi fyrst og fremst að greiða bætur þessar, enda komi lækkun vegna ákvæða 1. gr. laga nr. 95 9. júlí 1941 ekki til greina hér. Hefur stefnandi því beint kröfum sínum *aðallega* gegn stríðstryggingafélaginu, en *til vara* gegn eigendum b/v Sviða, ef talið yrði, að stríðstryggingafélagið ætti ekki að greiða bæturnar að einhverju leyti eða neinu, en hins vegar sé tvímælalaust, að eigendur skipsins hafi með beinum samningum skuldbundið sig til að greiða framangreindar bætur, að fullu.

Aðal-kröfu sína um sýknu byggir hið stefnda stríðstryggingafélag í fyrsta lagi á því, að lagaskylda hafi engin verið til viðbótartryggingar þeirrar, er greinir í 3. gr. samningsins frá 16. júlí 1941, og beri félaginu því ekki að greiða þá fjárhæð, enda hafi og ekki verið beðið um þessa tryggingu, og hér að lútandi samningur hafi ekki einu sinni verið tilkynntur stríðstryggingafélaginu. Í öðru lagi sé niður fallin skylda félagsins til að greiða hinar almennu dánarbætur (21 þús. kr.), þar sem líkurnar séu svo miklar fyrir því, að b/v Sviði hafi farið af öðrum orsökum en styrjaldaræðgerðum (sbr. 1. gr. laga nr. 95 1941). — *Vara*-kröfu sína byggir félagið hins vegar á því, að samkvæmt sömu lagaheimild eigi hinar síðasttöldu bætur tvímælalaust að lækka, en aðrar og meiri bætur komi hér ekki til greina, eins og áður er rakið.

H/f Sviði byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt hér að lútandi samningum og lögum beri stríðstryggingafélaginu að greiða stefnanda að fullu hinar umstefndu bætur, enda hafi h/f Sviði haft fyllstu ástæðu til að treysta því, að tryggingin væri fullnægjandi samkvæmt gerðum samningum við sjómenn. Stefnandi eigi því enga kröfu í þessu sambandi á hendur h/f Sviða, enda hafi því ekki verið mótmælt, að greiðsluskyldan hvíli beint á stríðstryggingafélaginu, ef það beri ábyrgð á annað borð.

Áður en þessar kröfur og málsástæður aðilja verða teknar til athugunar, þykir rétt að rekja nokkuð aðdraganda lagasetningar um þessi efni, svo og ákvæði laganna sjálfra, en að framan hefur verið dregið á samninga þá, er hér skipta máli.

Þegar eftir að núverandi styrjöld hófst, þótti nauðsyn til bera að tryggja sjómenn á íslenskum skipum gegn dauða og örorku af völdum ófriðarins. Fyrstu samningar milli stéttarféлага um þessi efni munu hafa verið gerðir 7. okt. 1939, og þann 27. s. m. voru gefin út bráðabirgðalög um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Segir þar í 1. gr., að stofna skuli vátryggingafélag, sem heiti „Stríðstrygg-

ingafélag íslenzkra skipshafna“ og hlutverk þess sé að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslys skipshafnir á þeim íslenskum skipum, er slíka tryggingu þurfi að kaupa. Með stríðsslysnum sé átt við öll slys, sem verða beinlinis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum sé beitt. Trygging samkvæmt lögnum nái einnig til þess, er skipshöfn farist með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnt hafi. — Í 5. gr. laganna segir m. a., að útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt samningum séu skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslys, skuli tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem það geti tekið hana að sér. Láti tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, skal hún eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldi og trygging hefði farið fram samkvæmt lögnum, en vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar allt að 100 þús. kr. sektum. — Bráðabirgðalögin voru síðan lögð fyrir Alþingi, er staðfesti þau með litlum breytingum og engum, að því er snertir hinar tilvitnuðu greinar hér að framan, nema hvað 5. gr. tiltók, að þeir útgerðarmenn, sem samkvæmt lögnum eða samningum væru tryggingarskyldir, skyldu tryggja áhættuna hjá stríðstryggingafélaginu, eins og fyrr segir. Eru þessi lög nr. 37 12. febrúar 1940. — Fyrir sama Alþingi var og lagt frumvarp til laga um stríðsslysstryggingu sjómanna, en frumvarpið fékk eigi afgreiðslu á því þingi. — Með lögum nr. 66 7. maí 1940 um stríðsslysstryggingu sjómanna voru síðan sett ákvæði um þessi efni, þar sem m. a. voru tilteknar dánarbætur eftir því, hverjir vandamenn lifðu hinn látna (3. gr., c-liður). Lögum þessum var síðan breytt með lögum nr. 76 27. júní 1941, þar sem m. a. segir í 3. gr., að aftan við 3. gr. laganna nr. 66 1940 skuli bæta eftirfarandi ákvæðum: „Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á. — Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.“ — Með lögum nr. 95 9. júlí 1941 var lögum nr. 37 1940 (1. gr.) síðan breytt að nokkru. Fyrst var tekið fram eins og áður, að með stríðsslysnum væri átt við öll slys, sem yrðu beinlinis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum sé beitt. Síðan segir: Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður eftir því, hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu (2. mgr.). — Trygging sam-

kvæmt lögunum skal þó einnig ná til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir eftir því, hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanna eða skipverja og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótaríðgjaldi (3. mgr.). — Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

Það atriði, sem fyrst kemur til álita í máli þessu, er það, hvort stefnandi geti krafist hið stefnda stríðstryggingafélag um lífeyri þann (21 þús. kr.), sem ákveðinn var í 3. gr. fyrrnefnds samnings frá 16. júlí 1941.

Í frumvarpinu að lögunum nr. 76 1941 um breytingu á fyrri lögum um stríðsslysaftryggingu sjómanna var í upphafi gert ráð fyrir, að þar um rædd viðbótartrygging næði aðeins til farskipa (1. málsg. 3. gr.), enda höfðu þá skipverjar á þeim skipum og eigendur þeirra gert með sér samning, sem fór í þessa átt. 2. málsg. 3. gr. var hins vegar sett inn í frumvarpið við meðferð þess á Alþingi, og kemur það beint fram í umræðum þar, að ákvæði þetta skyldi miða að því, að samskonar trygging kæmi til greina um „alla menn, sem sigla á fiskiskipum“, eins og það var orðað, enda var þess og getið, að af umræðum þeim, sem þá höfðu farið fram milli fulltrúa togaraeigenda og sjómanna, væri það ljóst, að þar kæmi til greina trygging, sem væri samhljóða þeirri, sem þá hafði verið samið um, að því er snertir farskip. Með tilliti til þessa svo og orðalagsins á 2. málsg. 3. gr. laga nr. 76 1941 (sbr. hins vegar orðalagið á 2. gr. sömu laga: „Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa“) þykir eðlilegast að skýra nefnt ákvæði þannig, að það gildi um tilvik það, er hér um ræðir, og lagaskylda hafi því verið fyrir hendi, að því er viðbótartryggingu þessa snerti. — Hér við bætist, að heildarsamningurinn milli stéttarfélaganna frá 16. júlí 1941, sem gerir ráð fyrir viðbótartryggingu þessari, verður, eins og á stóð og að nokkru leyti hefur verið lýst hér að framan, að teljast hafa verið svo kunnur, að stríðstryggingafélagið geti ekki með skírskotun til þess, að félaginu hafi eigi verið tilkynnt um samning þenna, losnað við skyldu sína til greiðslu lífeyrisins. Orðalag kvittana þeirra, er stríðstryggingafélagið gaf h/f Sviða, var og þannig, að það veitti félaginu fyllstu ástæðu til að ætla, að þessi trygging samkvæmt samningnum væri í gildi (sbr. orðin: „Tryggingarupphæð hvers einstaks miðast við lög og reglugerð um Stríðstryggingafélag islenzkra skipshafna og *gildandi samninga á hverjum tíma*“). — Framangreint samningsákvæði verður því að teljast falla undir 1. málsg. 5. gr. laga nr. 37 1940, og stefnandi á þannig rétt á hendur stríðstryggingafélaginu samkvæmt 2. málsg.

5. gr. sömu laga, enda verður ekki fallizt á, að þessi skilningur á ákvæðunum leiði til þess, að grundvellingnum undir tryggingafélaginu sem slíku sé raskað (sbr. 2. málsg. 5. gr. laga nr. 37 1940 og 2. málsg. 2. gr. laga nr. 76 1941).

Sýknukröfu sína hefur stríðstryggingafélagið að öðru leyti byggt á því, að svo miklar líkur séu fyrir því, að b/v Sviði hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, að fella beri *allar* bætarnar til stefnanda niður samkv. heimild 3. málsg. 1. gr. laga nr. 95 1941. — Dómurinn er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og mánaar verður rakið hér á eftir í sambandi við varakröfuna um lækkun bóttanna, að ekki séu fyrir hendi þau gögn, er réttlæti niðurfellingu bóttanna af þessum sökum.

Aðal-krafa stríðstryggingafélagsins um sýknu verður því ekki tekin til greina.

Kemur þá *vara*-krafa stríðstryggingafélagsins næst til athugunar.

Gögn þau, er fyrir liggja í máli þessu, geta ekki að áliti dómsins talizt fela í sér óyggjandi sönnur fyrir því, að styrjaldaraðgerðir hafi verið valdar að skiptapa þeim, er hér um ræðir. 2. málsg. 1. gr. laga nr. 95 1941 á því ekki við um þetta tilvik, en hins vegar hefur b/v Sviði farizt með þeim hætti, að ekki hefur til spurzt, hversu týnzt hefur, og gildir því upphafsákvæði 3. málsg. 1. gr. laga nr. 95 1941 að þessu leyti, þannig að bætur samkvæmt stríðs-slysstryggingalögum eiga að koma hér til greina. Því er áður lýst, að þetta upphafsákvæði 3. málsg. var áður í lögum nr. 37 1940, en síðari hluta málsgreinarinnar um lækkunarheimildina var bætt við með lögum nr. 95 1941. Af umræðum á Alþingi um þetta ákvæði þykir þó ljóst, að ætlunin hefur verið sú að hafa þessa heimild til lækkunar, ef nægar líkur þættu fyrir því, að *aðrar* orsakir en styrjaldaraðgerðir væru valdar að slysinu, sbr. m. a. ummælin, að þetta „undantekningarákvæði“ komi til greina, „ef sannast, að slys hefur orsakazt ekki einungis af stríðsástæðum.“ Sjálft orðalag greinarinnar bendir og í sömu átt, og lítur dómurinn því þannig á, að lækkun komi hér því aðeins til greina, að rök hnigi að því, að um sjóslys í venjulegri merkingu hafi verið að ræða. — Lokaákvæði 3. málsg. 1. gr. laga nr. 95 1941 kemur ekki til greina, með því að þar um ræddir samningar hafa ekki verið gerðir.

Lækkunarkröfu sinni til stuðnings hefur hið stefnda stríðstryggingafélag tekið fram, að ekkert það, er rekið hafi úr b/v Sviða, hafi borið nein merki skothriðar eða sprengingar, en félagið telur hins vegar, að veðrið hafi verið aftaka vont, sjór mikill og óreglulegur og skipið mjög hlaðið.

Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að b/v Sviði hafi verið gott sjóskip, traust og vel við haldið. Hafi skipið allt verið athugað sérstaklega, rétt áður en það fór í þessa síðustu för sína. Er það óvæfengt og haft eftir skoðunarmanni skipsins, að vél og annað

hafi þá verið í sérstaklega góðu lagi. Því er einnig ómótmælt, að skipstjórinn hafi verið gætinn og reyndur stjórnandi, sem um fjölda mörg ár hafði verið skipstjóri á þessu skipi, og þekkti hann það því mjög vel. Þær slóðir, er telja verður, að skipið hafi verið á, þegar það fórst, eru ekki hættulegar vegna grynninga eða skerja. Lýsing sú á vindi og sjó, sem skipstjórinn á Venusi hefur gefið, er sú besta, sem byggt verður á að þessu leyti. Samkvæmt henni var vindur um 8 stig af suðri um þær mundir, er skipstjórinn hafði síðast samband við Sviða, og sjór mikill og óreglulegur, en ekki brot. Vindur hafði þá farið vaxandi úr suðaustri, og samkvæmt veðurskýrslum virðist hann hafa aukizt enn nokkuð, er leið á daginn. Þess ber þó að gæta, að vindur af þessum áttum og með þessum styrkleika getur ekki talizt sérlega hættulegur á þessum slóðum. Sérstaklega má og benda á, að skipstjórinn á Venusi tekur það fram, að engir brotsjóir hafi verið þarna. Það er kunnugt um þrjá íslenzka togara, sem talið er, að hafi farizt úti á rúmsjó eingöngu af völdum veðurs. Í þau skipti er talið, að um mestu aftaka veður hafi verið að ræða, bæði hvað snerti vind og sjólag, en um aftaka veður getur varl verið að ræða með minni veðurhæð en ca. 10—11 vindstigum og tilsvarendi sjó. Það væri því eins dæmi, ef vindur og sjór, eins og að framan er lýst, hefði orðið togara að grandí, enda er það alkunnugt, að togarar hafa farið og fara ferða sinna í slíku veðri. Þá er þess og að geta, að ekkert það hefur komið fram, er bendi til þess, að b/v Sviði hafi verið sérstaklega illa eða ofhlaðinn í umrætt skipti.

Að öllu þessu athuguðu litur dómurinn því svo á, að í máli þessu sé ekki heimild til lækkunar bóta skv. 3. málsg. 1. gr. laga nr. 95 1941, og verður vara-krafa stríðstryggingafélagsins því heldur ekki tekin til greina.

Upphæð hinna umstefndu bóta hefur ekki sætt andmælum að öðru leyti en því, sem að framan greinir, og verða úrslit málsins því þau, að hið stefnda stríðstryggingafélag, sem ekki hefur mótmælt beinni greiðsluskyldu út af fyrir sig, verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lifeyri, eins og fyrr segir. Eftir þessum málalokum þykir og rétt, að stríðstryggingafélagið greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Af framangreindum málsúrslitum leiðir, að h/f Sviði verður sýknað af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður gagnvart því.

Í máli þessu skipuðu sjó- og verzlunardóminn þeir Árni Tryggvason, fulltrúi lögmanns, formaður og meðdómendurnir Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Stríðstryggingafélags islenzkra skipshafna f. h. félagsins, greiði stefnandanum, Þorsteini Árnasyni f. h. Guðrúnar Nikulásdóttur, kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lífeyri samkvæmt þeim reglum, er stríðstryggingafélagið greiðir slíkan lífeyri. Einnig greiði stríðstryggingafélagið stefnandanum kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndur Garðar Þorsteinsson hrm. f. h. h/f Sviða skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart því félagi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Nr. 113/1942. Stjórn rikisspítalanna (Sigurður Ólason)

gegn

Sjúkrasamlagi Reykjavíkur

(cand. jur. Gunnar E. Benediktsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Sjúkrasamlag dæmt til að greiða kostnað af sjúkrahúsvist manna, er haldnir voru kynsjúkdómi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm í máli þessu hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 29. okt. 1942 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6299.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00 frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939, af kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00 frá 1. jan. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.